

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er hluti Ríkisséðs og er stýrt af Ríkisstofnun

Stofnunin er stafræn og er stafræn
15 - 100 Reykjavík, Ísland

Tel. +354 591 2000
Fax. +354 591 2010

Umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

2. júní 2004

Tilvísun: UST20040500171/óá

Umhverfisstofnun
Áb. 10A
04 JUNÍ 2004
54.3
Tilv. UST20040500171

Stækkun Lagarfossvirkjunar. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. maí sl., þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á því hvort stækkun Lagarfossvirkjunar skuli háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir varðandi matsskyldu þessarar framkvæmdar.

Gróðurfar

Breytt vatnsborðsstaða

Af tilkynningu framkvæmdaraðila má ráða að stækkun Lagarfossvirkjunar muni ekki hafa í för með sér hækkun á vatnsborði umfram þær breytingar sem verða í kjölfar Kárhnjúkavirkjunar. Með tilkomu virkjunarinnar mun vatnsstaða jafnframt haldast í jafnvægi í 20 m.y.s. allt árið. Skerðing á gróðurlendum af völdum hækkaðrar vatnsstöðu mun því ekki valda áhrifum umfram þau áhrif sem verða af völdum Kárahnjúkavirkjunar og rof vegna árstíðabundinna breytinga á vatnsstöðu mun því að öllum líkindum verða minna en ella í kjölfar stækkunar Lagarfossvirkjunar.

Röskun á gróðurlendum vegna framkvæmda

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er ekkert þeirra gróðurlenda sem finnast á svæðinu einstök á héraðsvísu en votlendi er sjaldgæft við bakka Lagarfljóts. Vegagerð, stækkun stöðvarhúss og aðrennsliskurðar mun óhjákvæmilega hafa í för með sér röskun á gróðurlendum. Jafnframt mun haugsetning efnis úr aðrennslisskurði hugsanlega hafa í för með sér rask á gróðurlendum en áætlað er að losa þurfi 110 þús. m³ af efni. Ætlunin er að losa efnið innan lóðar virkjunarinnar og er bent á norðaustur-horn lóðarinnar sem líklegan losunarstað. Hins vegar er sá valkostur jafnframt ræddur í tilkynningu framkvæmdaraðila að losa megi efnið í gamlar malarnámur í landi Kirkjubæjar og Ekru. Að mati Umhverfisstofnunar er sá kostur vafalaust betri m.t.t. umhverfisþátta, þ.e. að nýta efnið til frágangs á gömlum námusvæðum í stað þess að taka gróin svæði undir losunina. Hins vegar telur stofnunin að verði nauðsynlegt að losa efnið á gróðurlendi eigi að vera hægt um vik að finna til þess stað sem ekki veldur umtalsverðum umhverfisáhrifum á gróðurfar svæðisins og að ekki eigi að losa efni á votlendissvæðum.

Niðurstaða

Stofnunin telur að rask á gróðurlendum í kjölfar framkvæmda innan svæðisins verði ekki umtalsverð þar sem umfang framkvæmdanna er takmarkað og gróðurlendin hafi ekki hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur verið fjallað um hugsanlega áhrif á sjaldgæfar plöntutegundir eða tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar sem um algeng gróðurlendi að ræða, og m.t.t. umfangs gróðurrasks, má þó telja líklegt að einstaka plöntutegundir verði ekki fyrir umtalsverðum áhrifum af völdum framkvæmdanna.

Dýralíf

Breytt vatnsborðsstaða

Umhverfisstofnun tekur undir það með framkvæmdaraðila að þar sem stækkun virkjunarinnar muni hafa í för með sér jöfnun á vatnsstöðu geti þau áhrif verið jákvæð á fuglalíf og virkað til mótvægis við áhrif Kárahnjúkavirkjunar á fugla á svæðinu.

Röskun á fuglalífi vegna framkvæmda

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á fuglalíf á svæðinu. Hins vegar telur stofnunin mikilvægt að við framkvæmdir sé þess gætt að lágmarka áhrif á fuglalíf, t.d. með vali á framkvæmdatíma utan varptíma og að forðast sé að raska þekktum búsvæðum fugla s.s. votlendi og þekktum felli- og náttstöðvum grágæsar á svæðinu.

Jarðmyndanir

Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila eru engar jarðmyndanir á svæðinu sem hafa verndargildi. Ummerkjum um framrás jökla og hærri sjávarstöðu verður ekki raskað með framkvæmdunum. Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að ekki sé ætlunin að opna ný efnistökusvæði og að efnistaka verður einungis úr námum sem hafa tilskilin leyfi og eru í rekstri þegar til framkvæmda kemur. Umhverfisstofnun telur því að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á jarðmyndanir.


Breytingar og viðbætur við framkvæmdir

Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að þó hér sé fjallað um matsskyldu stækkunar Lagarfossvirkjunar á grundvelli tl. 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, er umfang stækkunarinnar einnar meira en 10 MW, sem er það viðmið fyrir orkuver sem kveðið er á um í 1. viðauka laganna að sé alltaf háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að nægjanleg gögn liggja fyrir til að meta það hvort líklegt sé að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eður ei, m.t.t. viðmiða í 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind framkvæmd, eins og henni er lýst í fyrirspurn um matsskyldu, ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingafyllst,


Ólafur Arnason


Helgi Jónsson